

Heiðursvísindamenn á Landspítala og verðlaunaðir, ungir vísindamenn 2004-2018

Heiðursvísindamaður ársins:

2004	Ingileif Jónsdóttir verðlaun fyrir vísindastörf	3
2005	Helgi Valdimarsson prófessor og yfirlæknir ónæmisfræðideildar.....	3
2006	Gunnar Sigurðsson prófessor og yfirlæknir á efnaskipta- og innkirtlasjúkdómadeild	4
2007	Guðmundur Þorgeirsson prófessor og sviðsstjóri lækninga á lyflækningasviði I.....	4
2008	Bjarni Þjóðleifsson prófessor og yfirlæknir í meltingarsjúkdómum.	5
2009	Rósa Björk Barkardóttir klínískur prófessor, for.st.m Ranns.st í sameindameinafræði.....	5
2010	Þórarinn Gíslason yfirlæknir og prófessor, lungnadeild	6
2011	Einar Stefánsson prófessor og yfirlæknir augndeildar	6
2012	Inga Þórsdóttir prófessor og forstöðumaður Rannsóknarstofu í næringarfræðum	7
2013	Karl G. Kristinsson yfirlæknir og prófessor í sýklafræði,	7
2014	Erla Kolbrún Svavarsdóttir formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun og prófessor	8
2015	Pálmi V. Jónsson yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala og prófessor	9
2016	Einar Stefán Björnsson yfirlæknir meltingarlækninga	9
2017	Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir ónæmisfræðideildar og prófessor í ónæmisfræði.....	10
2018	Runólfur Pálsson yfirlæknir og prófessor.....	11

Ungur vísindamaður ársins


2004	Stefanía P. Bjarnarson líffræðingur og doktorsnemi, ónæmisfræðideild	14
2005	Kristbjörn Orri Guðmundsson líffræðingur og doktorsnemi, Blóðbankanum	14
2005	Sólveig Jónsdóttir taugasálfræðingur og doktorsnemi.....	15
2006	Valgarður Sigurðsson líffræðingur og doktorsnemi.....	15
2007	Sveinn Hákon Harðarson líffræðingur og doktorsnemi.....	16
2008	Helga Kristjánsdóttir líffræðingur og doktorsnemi.....	16
2009	Erna Sif Arnardóttir líffræðingur og doktorsnemi	16
2010	Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur.....	16
2011	Martin Ingi Sigurðsson læknir og doktorsnemi	17
2012	Sævar Ingþórsson líffræðingur og doktorsnemi	17
2013	Paolo Gargiulo verkfræðingur og lektor	17
2014	Erla Björnsdóttir sálfræðingur.....	18
2015	Ramona Liedler, náttúrufræðingur og nýdoktor	18

2016 Óla Kallý Magnúsdóttir næringarfræðingur.....	16
2017 Berglind Hálfhánsdóttir ljósmóðir.....	20
2018 Ása Bryndís Guðmundsdóttir lyfjafraeðinemi.....	21
2018 Bára Dís Benediktsdóttir lækni.....	21
2018 Elva Rut Sigurðardóttir læknanemi.....	21
2018 Ólafur Pálsson lækni.....	21

Heiðursvísindamenn á Landspítala

(2004 Ingileif Jónsdóttir verðlaun fyrir vísindastörf)

Ingileif Jónsdóttir dósent við ónæmisfræðideild Landspítala - háskólasjúkrahúss fékk í dag verðlaun fyrir vísindastörf sín úr nýstofnuðum sjóði. Verðlaunin voru afhent á ársfundi LSH í Hringsal og nema þau 2 milljónum króna. Sjóðinn stofnuðu tveir lækna- og ársfundi LSH í Hringsal og nema þau 2 milljónum króna. Sjóðinn stofnuðu tveir lækna- og ársfundi LSH í Hringsal og nema þau 2 milljónum króna. Sjóðinn stofnuðu tveir lækna- og ársfundi LSH í Hringsal og nema þau 2 milljónum króna.



Sjóðnum er einkum ætlað að veita verðlaun fyrir frábæran árangur á sviði lækna- og heilbrigðisvísinda. Verðlaunaveiting verður ýmist árlega eða annað hvort ár, eftir því sem tilefni gefast. Auglýst verður eftir tilnefningum á hverju ári. Að þessu sinni ákváðu stofnendur sjálfir hver hlyti verðlaunin en nutu ráðgjafar ýmissa, einkum Helgu Ögmundsdóttur prófessors við læknadeild. Við val á verðlaunahafa var auk vísindaverðleika áskilið að vísindamaðurinn væri enn fullvirkur í vísindastarfi og hefði verið ötull kennari nemenda á ýmsum stigum rannsóknarnáms.

Ingileif er fyrirlesari á alþjóðlegri ráðstefnu í Finnlandi og gat því ekki veitt verðlaununum viðtöku. Eiginmaður Ingileifar, Birgir Björn Sigurjónsson, tók við verðlaununum fyrir hennar hönd.

Líffræðingur frá Háskóla Íslands 1975

Doktorsnám og kennsla í ónæmisfræði við Stokkhólmsháskóla 1976-1984, doktorspróf 1991

Sérfræðingur við læknadeild HÍ 1984-1986

Sérfræðingur við ónæmisfræðideild Landspítala frá 1986

Dósent við Háskóla Íslands;

-Námsbraut í hjúkrunarfræði 1994-1999

-Læknadeild frá 1999

Helstu vísindastörf og rannsóknarverkefni:

- Hlutdeild ónæmiskerfisins í tilurð og meingerð psoriasis
- Rannsóknir á grundvallarþáttum í ónæmissvörum við bólusetningu í músum og mönnum
- Samspil hýsils og sýkils; ónæmissvör, pneumókokkar og sýklalyfjaónæmi
- Klínískar rannsóknir á próteintengdum fjölsykrubóluefnum gegn pneumókokkum í ungbörnum, smábörnum, fullorðnum í áhættuhópum
- Öryggi bóluefnanna, myndun og virkni mótefna, áhrif á bólfestu pneumókokka í nefkoki, á sýklalyfjanotkun og tíðni eyrnabólgu

2005 Helgi Valdimarsson prófessor og yfirlæknir ónæmisfræðideildar

Helgi Valdimarsson prófessor og yfirlæknir ónæmisfræðideildar, lauk prófi í læknisfræði við Háskóla Íslands 1964, sérfræðileysi í ónæmisfræði 1975, prófessor í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands 1981.

Helgi hóf sérnám í lyflæknisfræði og ónæmisfræði við Royal Postgraduate Medical School, London 1969. Rannsóknarverkefni snéri að ónæmisbilun í sjúklingum með þralátar sýkingar af völdum tækifærissýkilsins *Candida albicans*.



Helgi var lektor í lyflækningum og ónæmisfræði við Royal Postgraduate Medical School í London 1972. Beindust rannsóknir hans þá að áhrifum mislingaveiru á ónæmiskerfið þ.m.t. veilu í ónæmiskerfi sjúklinga sem fengu sjaldgæfa og síðbúna heilabólgu af völdum þessarar veiru. Einnig beindist rannsóknin að því hvort mislingaveira tengdist á einhvern hátt orsökum heila- og mænisiggs (MS). Niðurstöður sýndu að mislingaveiran getur sýkt T eitilfrumur líkamans og þar með valdið verulegri veiklun á frumubundnum ónæmissvörum. Þessi uppgötvun skýrir m.a. hvers vegna margir dóu áður fyrir úr sýkingum í kjölfar mislinga.

Árin 1975- 1981 var Helgi yfirlæknis og dósentis við St. Mary's sjúkrahúsið í London. Helgi varð prófessor í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands 1981.

Psoriasisrannsóknir Helga sýndu að psoriasis er sjálfsofnæmissjúkdómur sem orsakast af því að T eitifrumur ónæmiskerfisins ráðast á hornfrumur húðarinnar.

Helgi hefur leiðbeint doktorsnemum og hann hefur ritað fjölda greina í alþjóðleg tímarit sem mikið er vitnað í má þar nefna Natur og Lancet

Helgi sinnt ótal trúnaðarstörfum en þau helstu eru: forseti Norrænu ónæmisfræðisamtakanna, formaður vísindanefndar Háskóla Íslands, at í Vísindaráði Íslands, var í stjórn Scandinavian Society for Immunology, í ritstjórn Scandinavian Journal of Immunology og Scandinavian Journal of Rheumatology, formaður Vísindaráði Háskóla Íslands. Varadeildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands og einnig verið forseti deildarinnar, formaður Vísindaráðs Háskóla Íslands, forseti Scandinavian Society for Immunology, fulltrúi Íslands í European Medical Research Council, Fogarty styrkþegi, National Institute of Health, Bandaríkjunum, gistiprófessor við St. Mary's læknaskólann og Imperial College of Science, Technology and Medicine í London, Linköping í Svíþjóð, Kairo í Egyptalandi, Bagdad í Írak.

2006 Gunnar Sigurðsson prófessor og yfirlæknir á efnaskipta- og innkirtlasjúkdómadeild

Gunnar útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1968. Að loknu kandídatári hóf hann framhaldsnám í Lundúnum, fyrst við West Middlesex Hospital en síðar á Hammersmith Hospital, þar sem hann sérhæfði sig í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum. Hann lauk doktorsprófi frá Lundúna Háskóla á árinu 1975s. Næstu tveimur árum varði Gunnar við frekari rannsóknir við háskólann í San Francisco en fluttist að því búnu aftur til Ísland. Hann varð prófessor við læknadeild Háskóla Íslands árið 1995. Gunnar stofnaði m.a.



beinþéttmælingarstofu Sjúkrahúss Reykjavíkur árið 1995 og hefur haft umsjón með rekstri hennar.

Hann hefur verið leiðbeinandi við fjölda rannsóknarverkefna við læknadeild Háskóla Íslands, ritað fjölda vísindagreina fyrir erlend tímarit, Læknablaðið svo og greinar ætlaðar almenningi.

Hann hefur einnig ritrynt greinar fyrir ýmis tímarit, haldið fjölda fyrirlestra um niðurstöður eigin rannsókna og frá upphafi verið einn af virkustu vísindamönnum á LSH, samhliða því að gegna fjölda trúnaðarstarfa fyrir spítalann, Háskóla Íslands, Hjartavernd auk ýmissa annarra opinberra stofnana.

2007 Guðmundur Þorgeirsson prófessor og sviðsstjóri lækninga á lyflækningasviði I

Guðmundur útskrifaðist sem læknir frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1973. Að loknu kandídatári fór hann til náms í Bandaríkjunum við Case Western Reserve háskólann í Cleveland, var fyrst deildarlæknir í meinafræði á árunum 1974 - 1978 og síðan aðstoðar- og deildarlæknir í lyflækningum 1978 - 1980. Framhaldsnám í hjartasjúkdómum stundaði hann á árunum 1980 - 1982. Guðmundur varði doktorsritgerð sína við Case Western Reserve háskólann á árinu 1978.



Eftir heimkomu 1982 hóf Guðmundur störf á Landspítalanum, fyrst sem sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum en varð yfirlæknir á bráðamóttöku spítalans á árinu 1988 og síðan yfirlæknir hjartadeildar frá árinu 2001. Hann var lektor í lyfjafræði við læknadeild Háskóla Íslands 1987 - 1990, dósent 1990 - 1998 og loks prófessor í klínískri lyfjafræði frá 1. desember 1998.

Auk þessara starfa, hefur Guðmundur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum bæði á innlendum og erlendum vettvangi og setið í ritstjórn erlendra vísindatímarita og Læknablaðsins.

Rannsóknarstörf Guðmundar má flokka í fernt.

1) Rannsóknir á boðkerfi í æðapeli, einkum stjórn á níturoxíðmyndun og hlutverk prótein-kínasa B(AKT) og AMP kínasa í æðapeli.

2) Faraldsfræði hjartasjúkdóma, í samstarfi við Hjartavernd, bæði í eldri rannsóknum og núverandi öldrunarrannsókn Hjartaverndar.

3) Klínískar lyfjarannsóknir, einkum meðferð við háþrýstingi, hækkuðu kólesteróli og hjartabilun.

4) Erfðarannsóknir á hjarta og æðasjúkdómum, í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu.

Guðmundur hefur birt um hundrað greinar í ritrýndum vísindatímaritum auk þess ritað umtalsverðan fjölda yfirlits- og ritstjórnargreina og bókakafla í gegnum tíðina og verið leiðbeinandi fjölmargra ungra og upprennandi vísindamanna.

2008 Bjarni Þjóðleifsson prófessor og yfirlæknir í meltingarsjúkdómum.

Bjarni lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1966 og sérfræðiprófi í almennum lyflækningum í Glasgow í Skotlandi. Hann stundaði framhaldsnám í meltingarsjúkdómum í Dundee og Lundúnum á árunum 1970-1976. Doktorsprófi lauk hann frá háskólanum í Dundee á árinu 1976.

Bjarni var útnefndur félagi (FRCP) í Konunglega læknafélaginu í Edinborg á árinu 1994. Hann hefur ritað fjölda vísindagreina, víða haldið fyrirlestra um niðurstöður rannsókna sinna og verið leiðbeinandi nemenda í rannsóknartengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands auk þess að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir háskólann og Landspítala m.a. sem formaður vísindaráðs LSH og formaður framhaldsmenntunarráðs Háskóla Íslands.



2009 Rósa Björk Barkardóttir klínískur prófessor, yfirmaður sameinda-meinafræðieiningar á rannsóknastofu í meinafræði

Rósa Björk útskrifaðist sem líffræðingur frá Háskóla Íslands 1981, cand. scient prófi 1986 frá Árósarháskóla. Titill cand. scient. ritgerðarinnar er "Gene expression in Seven Days Old Barley Seedlings" og byggði ritgerðin á niðurstöðum sem voru m.a. kynntar ritrýndum fagblöðum og bókarkafli. Árið 1986 hóf hún störf á Rannsóknastofu Landspítalans í meinafræði og hefur unnið þar síðan. Undanfarin ár hefur hún veitt forstöðu einingu sem sér um sameindameinafræðilegar þjónusturannsóknir á sýnum frá krabbameinssjúklingum og sameindaerfðafræðilegar vísindarannsóknir á krabbameini í brjóstum og blöðruhálskirtli. Árið 2005 hlaut Rósa Björk nafnbótina klínískur prófessor við læknadeild Háskóla Íslands.



Rósa Björk hefur verið mjög virkur vísindamaður, hefur haft umsjón með umfangsmiklum rannsóknum og tekið þátt í mörgum alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Hún hefur skrifað og verið meðhöfundur á fjölda greina sem birst hafa í erlendum tímaritum og tilvitnanir í þessar greinar skipta þúsundum. Hún hefur verið leiðbeinandi nema við rannsóknarverkefni bæði innan læknadeildar og líffræðideildar Háskóla Íslands. Þá hefur hún ritrýnt fjölda greina fyrir ýmis erlend fagtímarit og tekið þátt í mörgum nefndarstörfum sem fulltrúi vinnustaðar síns eða sérviðs. Hún situr í fagráði Rannís í heilbrigðis- og lífvísindum, í vísindaráði Landspítalans, og sem fulltrúi Íslands í European Cooperation in Science and Technology (COST).

Markverðustu vísindaniðurstöður Rósu Bjarkar og samstarfsfólks hennar tengjast brjóstakrabbameini og meðfæddri áhættu til myndunar meinsins. Þau taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um leit og einangrun brjóstakrabbameinsgena, sem hafa m.a. leitt til einangrunar brjóstakrabbameinsgenanna BRCA1 og BRCA2. Stökkbreytingarnar sem hafa fundist í þessum tveimur genum á Íslandi eru einungis tvær og sýndu rannsóknir þeirra að íslenskar fjölskyldur sem bera aðra hvora stökkbreytinguna hafa erfð hana frá

sameiginlegum forföður/formóður langt aftur í aldir. BRCA2-breytingin finnst í u.þ.b. einum af hverjum 250 Íslendingum en meðal kvenna sem hafa fengið brjóstakrabbamein er hlutfallið mun hærra eða í einni af hverjum 15 konum. Þetta hlutfall hækkar eftir því sem konurnar greinast yngri með sjúkdóminn og finnst BRCA2-breytingin í einni af hverjum 4-5 konum sem greinast fyrir fertugt. Þessi háa tíðni BRCA2-breytingarinnar hjá konum með brjóstakrabbamein endurspeglar mikla aukningu á hættu á myndun brjóstakrabbameins í arfberum. Rannsóknirnar sýndu einnig að BRCA2-breytingin eykur líkur á myndun krabbameins í öðrum líffærum, einkum eggjastokkum og blöðruhálskirtli, en ekki eins mikið og í brjóstum. BRCA1-breytingin hefur einnig mikil áhrif á brjóstakrabbameinslíkur en útbreiðsla hér á landi er lítil.

2010 Þórarinn Gíslason yfirlæknir og prófessor, lungnadeild

Þórarinn Gíslason lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1971 og útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands vorið 1977. Hann stundaði framhaldsnám í lungnalækningum við Háskólasjúkrahúsið í Uppsöllum í Svíþjóð og hlaut sérfræðiviðurkenningu í lungnasjúkdómum 1984. Þórarinn varði doktorsritgerð sína um kæfisvefn við Uppsalaháskóla vorið 1987: Sleep Apnea Syndrome - clinical symptoms, epidemiology and ventilatory aspects. Eftir heimkomu til Íslands (1987) hélt hann áfram rannsóknum á svið faraldsfræði kæfisvefns; nú meðal kvenna og barna ásamt þátttöku í alþjóðlegum rannsóknum á sviði astma, ofnæmis, langvinnrar lungnateppu og kæfisvefns. Þórarinn hefur einnig handleitt meistara- og doktorsnemunum. Þórarinn er frá árinu 2001 yfirlæknir sameinaðrar lungnadeildar Landspítala og prófessor við læknadeild HÍ frá 2003. Hann er einnig gestaprófessor við University of Pennsylvania og dósent við Uppsalaháskóla.



Helstu áherslur í rannsóknum

Þórarinn hlaut árið 2002 ásamt samstarfsaðilum styrk frá bandarísku heilbrigðisstofnunni (NIH) til að rannsaka erfðir og eðli kæfisvefns á Íslandi. Haustið 2009 veitti bandaríska heilbrigðisstofnunin prófessor Allan I. Pack nýjan styrk til þriggja ára rannsókna á kæfisvefni. Hluti þeirrar rannsóknar fer fram við lungnadeild Landspítala og nemur framlagið til LSH. Leitað verður svara við spurningum um samspil kæfisvefns við hjarta- og æðasjúkdóma og á hvern hátt megi meta þá áhættu með mælingum bólguboðefna í blóði. Til viðbótar verður skoðað sérstaklega hvernig sjúklingum með kæfisvefn líður fyrir og eftir meðferð.

Þórarinn hefur einnig leitt íslenska þátt alþjóðlegs rannsóknarverkefnis: Evrópukönnunin Lungu og Heilsa (www.ecrsh.org), þar sem algengi astma, ofnæmis og langvinnrar lungnatepptu (LLT) hefur verið kannað reglulega á Íslandi. Ætlunin er að endurtaka þá rannsókn á haustmánuðum. Hann leiddi einnig nýlega þátttöku Íslands í alþjóðlegu verkefni um algengi og eðli LLT (Burden of Obstructive Lung Disease (BOLD), sjá www.boldstudy.org).

2011 Einar Stefánsson prófessor og yfirlæknir augndeildar

Einar Stefánsson lauk læknaprófi frá HÍ 1978 og doktorsprófi í lífeðlisfræði 1981. Einar nam augnlækningar við Duke háskólann í Norður Karólínu og starfaði þar sem lektor og augnlæknir þar til hann kom til Íslands 1989 sem prófessor í augnlækningum og yfirlæknir á augndeild Landakotspítala og síðar Landspítala. Hann var gestavísindamaður á National Institutes of Health 1985-1986. Einar var varaforseti og forseti læknadeildar Háskóla Íslands 1993-1998.



Vísindastörf Einars og samstarfsmanna hafa leitt til fjölmargra merkra uppgötvana og nýsköpunar. Má þar helst nefna:

1. Súrefnisbúskapur í augum. Þeir hafa þróað mælitæki til að mæla súrefnisástand augna í mönnum.
2. Lyfjapróun. Rannsóknarhópurinn hefur þróað nanótækni til að koma lyfjum betur inn í auga.

3. Blinduvarnir í sykursýki. Hér hefur rannsóknarhópurinn m.a. þróað áhættugreiningu og hugbúnað til að stýra augnskimun í sykursýki og hagræða heilbrigðisþjónustu með vísindalegur aðferðum.

Ritryndar greinar Einars eru yfir 200 talsins, auk fjölda bókarkafla, einkaleyfa og mörg hundruð ágripa á ráðstefnum. Hann hefur verið heiðraður víða um heim fyrir vísindastörf. Einar er og hefur verið í stjórn nokkurra alþjóðlegra samtaka á sviði augnlækninga og vísinda. Hann er aðalritstjóri Acta Ophthalmologica, alþjóðlegs vísindatímarits á sviði augnlækninga og í ritstjórn fáeinna annarra vísindatímarita.

2012 Inga Þórsdóttir prófessor og forstöðumaður Rannsóknarstofu í næringarfræðum

Inga er afkastamikill vísindamaður á sviði næringarfræði og hefur ritað fjölda greina í alþjóðleg, ritrynd, tímarit sem mikið er vitnað í, bókarkafla og ágríp, auk þess að vera virk í fyrirlestrahaldi. Hún er forstöðumaður næringarstofu Landspítala og rannsóknarstofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands, prófessor við Háskóla Íslands og deildarforseti matvæla- og næringarfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs. Inga lauk BSc próf í hjúkrunarfræði, Háskóla Íslands 1980, næringarráðgjafapróf, Gautaborgarháskóla 1986 og doktorsprófi í næringarfræði frá sama skóla 1989.



Hún varð forstöðumaður næringarstofu og rannsóknastofu í næringarfræði 1995 og sinnir því starfi enn. Prófessor við raunvísindadeild matvæla- og næringarfræðiskorar Háskóla Íslands 1997-2008.

Deildarforseti matvæla- og næringarfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands frá 2008-2012 og í sumar tekur hún við starfi forseta heilbrigðisvísindasviðs.

Inga situr í ýmsum nefndum og ráðum s.s. norrænum stýri- og sérfræðingahópi til að ráðleggja um næringarefni 1996, 2004, 2012, stjórn FENS “Federation of European Nutrition Societies“ 2011-, formaður mannelisráðs um árabil, í vísinda- og tækniráði o.fl.

Inga er aðalleiðbeinandi og meðleiðbeinandi fjölda meistara- og doktorsnema. Hún hefur verið heiðruð fyrir vísindastörf sín og m.a. hlotið Fjöregg Matvæla og næringarfræðifélags Íslands, verið heiðruð á Landspítala og hlotið Ásu Wright verðlaunin. Inga var einn af þremur vísindamönnum Landspítala sem hlutu hvatningarstyrki LSH sem veittir voru haustið 2011. Hún hefur fengið fjölmarga rannsóknastyrki s.s. frá Evrópusambandinu (5. og 6. RÁ-RD, SANCO, Leonardo), frá samnorrænum sjóðum (NordForsk og NiCe) og íslenskum sjóðum.

Inga Þórsdóttir er í ritnefndum alþjóðlegra vísindatímarita s.s. Acta Pædiatrica, Public Health Nutrition og Annals of Nutrition and Metabolism. Hún er eða hefur verið í stjórn alþjóðlegra samtaka á sviði næringarfræði og vísinda, verkefnastjóri alþjóðlegra vísindaverkefna og umsjónarmaður alþjóðlegra ráðstefna. Inga er meðal annars umsjónarmaður norrænnar næringarfræðiráðstefnu sem verður á Íslandi í júní 2012.

2013 Karl G. Kristinsson yfirlæknir sýklafræðideildar LSH og prófessor í sýklafræði, læknadeild Háskóla Íslands

Karl lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1973 og læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1979. Sérnámið í sýklafræði í Bretlandi, fyrst á Glasgow Royal Infirmary og síðan á Royal Hallamshire og Northern General sjúkrahúsunum í Sheffield, tók breska sérfræðiprófið í sýklafræði (MRCPath) árið 1987. Eftir sérnámið fékk hann styrk frá breska meinafræðifélaginu til að vinna sem research fellow við Hygiene Institut der Universität zu Köln í 8 mánuði árið 1988. Hann kom til Íslands síðar það ár og hóf störf sem sérfræðilæknir á sýklafræðideildinni og dósent í sýklafræði við HÍ. Karl varði doktorsritgerð sína “Coagulase negative staphylococci and foreign body associated infections” við



Sheffield háskólann í júní 1993. Hann hefur verið yfirlæknir sýklafræðideildar síðan 1999 og prófessor í sýklafræði frá 2000.

Helstu áherslur í rannsóknum

Frá því að fjölonæmir pneumókokkar hófu innreið sína á Íslandi í lok 9 áratugs síðustu aldar hafa pneumókokkar verið aðalviðfangsefni Karls. Þær rannsóknir hafa einkum verið á sviði sameindafaraldsfræði, áhættuþáttum ónæmis og tengslum við sýklalyfjanotkun. Í tengslum við þessar rannsóknir hefur hann verið í nánú samstarfi við Rockefeller háskólann í New York, Karolinsku stofnunina í Stokkhólmi, Háskólann í Lissabon, Oxford háskóla og Imperial College í London. Hann fékk styrki úr rammaáætlunum Evrópusambandsins 2000-2003 (EURIS), aftur 2004-2006 (PREVIS) og frá EEA/Norway Grants 2009-2010 (Ice-Czech).

Karl tók virkan þátt í þeim Campylobacter rannsóknum sem hófust í faraldrinum 1998-1999 og leiddu til nýrrar þekkingar sem hefur nýst það vel að nú er nýgengi Campylobacter í mönnum og kjúklingum á Íslandi með því lægsta sem þekktist í heiminum.

Hann var einn af stjórnendum rannsóknar á erfðum tiltekinna smitsjúkdóma sem gerð var í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu og styrkt af National Institute of Health í Bandaríkjunum.

Karl var einn stofnenda sprotafyrirtækisins Auris ehf sem hefur unnið að þróun nýrrar meðferðar við miðeyrnabólgu. Meðferðin byggist á því að rokgjörnum innihaldsefnum ilm kjarnaolía er komið fyrir í úteyranu. Þær smjúga síðan inn í miðeyrað þar sem þær granda bakteríunum. Síðan sannreynt var að meðferðin virkar vel á miðeyrnabólgu í rottum og er skaðlaus mönnum hefur verið unnið að þróun meðferðarformsins hjá börnum.

Karl fékk hvatningarstyrk frá Vísindasjóði Landspítala árið 2012 til að vinna að rannsóknum á áhrifum bólusetningar með próteintengdu pneumókokkabóluefni og í janúar 2013 fékk hann ásamt Ásgeiri Haraldssyni og Helgu Erlendsdóttur rúmlega 1 milljón Evra styrk fyrir sama verkefni.

Ritryndar tímaritsgreinar Karls eru tæplega tvö hundruð (>4000 tilvitnanir, h-index 34) og ágríp ráðstefna mörg hundruð. Hann hefur leiðbeint fjölda lækna- og lífeindafræðinema í rannsóknarnámi (BS, MS og PhD). Hann var formaður Vísindasiðanefndar 1998, er einn aðstoðarritstjóra Eurosurveillance og í ritnefndum Microbial Drug Resistance og Scandinavian Journal of Infectious Diseases. Karl var forseti Norðurlandasamtaka sýklafræðinga og smitsjúkdómalækna 2009-2012. Hann er fulltrúi Íslands fyrir sýklafræði (National Microbiology Focal Point) og sýklalyfjaónæmi (Antimicrobial Resistance Focal Point) hjá Sóttvarnastofnun Evrópu (European Centre for Disease Prevention and Control).

2014 Erla Kolbrún Svavarsdóttir formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun við Landspítala og prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Erla Kolbrún lauk BSc gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands 1987. Eftir að hafa lokið kennslu- og uppeldisfræði við Háskóla Íslands árið 1988 og unnið við ýmis hjúkrunarstörf í 4 ár á geðdeild og á kvenna- og sængurkvennadeild Landspítala fór hún í framhaldsnám í hjúkrunarfræði til Wisconsin í Bandaríkjunum. Erla Kolbrún útskrifast frá Háskólanum í Wisconsin í Madison með MSc gráðu í hjúkrunarfræði árið 1993 og lauk doktorsprófi frá sama skóla 1997. Doktorsritgerð Erlu Kolbrúnar ber titilinn: „Family Adaptation for Families of an Infant or a Young Child with Asthma“. Erla Kolbrún var ráðin við námsbraut í hjúkrunarfræði Háskóla Íslands árið 1997 og hefur verið prófessor við Háskóla Íslands síðan 2006 og formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun á Landspítala síðan 2008.



Helstu áherslur í rannsóknum Erlu Kolbrúnar:

Frá upphafi rannsóknarferilsins hefur Erla Kolbrún lagt áherslu á að kanna þrautseigju, seiglu, bjargráð, heilsutengd lífsgæði, vellíðan, aðlögunarleiðir og aðlögun fjölskyldumeðlima sem eru að fást við langvinna sjúkdóma bæði meðal fjölskyldna hér á landi og í Bandaríkjunum. Auk þess hefur hún unnið

að aðferðafræðilegum útfærslum í fjölskyldurannsóknum með samstarfsskonum í Bandaríkjunum. Um þessar mundir er Erla Kolbrún að vinna með rannsóknarhópi í Kanada að innleiðingu fjölskyldumiðaðrar heilbrigðisþjónustu á háskólasjúkrahús í Montreal. Stærsti hluti rannsókna Erlu Kolbrúnar og samstarfsmanna hennar hér á landi snýr hins vegar að þróun stuttra meðferðarsamræðna og fjölskylduhjúkrunarmedferða í tengslum við innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á Landspítala og að þróun þriggja mælitækja sem mæla upplifaðan stuðning, fjölskylduvirkni og viðhorf fjölskyldumeðlima til sjúkdóma. Rannsóknirnar hafa m.a. verið þróaðar fyrir fjölskyldur bráðveikra einstaklinga með geðsjúkdóm, COPD, Alzheimer og fyrir aðstandendur einstaklinga í sérhæfðri líknameðferð. Eins hafa þær verið þróaðar fyrir fjölskyldur barna á bráðadeild Barnaspítala Hringins og fyrir fjölskyldur sem eiga barn eða ungling með krabbamein, sykursýki eða astma, fyrir foreldra unglunga með ADHD og fyrir aðstandendur ungs fólks með lysterstol eða lotugræðgi.

Rannsóknir um ofbeldi í nánum samböndum hafa einnig verið Erlu Kolbrúnu hugleiknar en hún hefur ásamt samstarfsaðilum kannað í landskönnun, á slysa- og bráðadeild LSH, á áhættumeðgöngudeild og meðal háskólastúdenta áhrif ofbeldis í nánum samböndum á líkamlega og andlega heilsu kvenna og á þróun einkenna um áfallastreituröskun. Erla Kolbrún hefur fengið rannsóknarstyrki vegna rannsóknarverkefna sinna frá RANNÍS, frá rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, frá Vísindasjóði Landspítala og frá Vísindasjóði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga auk þess sem hún hefur, ásamt erlendum samstarfsaðilum, fengið ýmsa styrki frá erlendum samstarfsháskólum og frá CIHR í Kanada. Rannsóknir Erlu Kolbrúnar og samstarfsmanna hennar hafa í þriggja verið valdar sem áhugaverðar rannsóknir á alþjóðavísu af ritstjórum tímaritanna Journal of Family Nursing og af ritstjóra tímaritsins Journal of Advanced Nursing.

Ritryndar tímaritsgreinar og bókarkafar Erlu Kolbrúnar eru yfir 60 (>340 tilvitnanir og H-index 11) og ágríp nokkur hundruð, auk þess sem hún er ritstjóri tveggja fræðibóka. Erla Kolbrún hefur leiðbeint fjölda nemenda í BS námi auk nemenda í meistara- og doktorsnámi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

2015 Pálmi V. Jónsson yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands

Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala, er heiðursvísindamaður Landspítala árið 2015. Pálmi lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1979, sérfræðipróf í lyflækningum frá University of Connecticut 1986 og sérfræðiprófi í öldrunarlækningum við Harvard University 1990. Hann var í rannsóknar- og kennslustöðu við

Harvardháskóla 1988-1989, varð dósent í öldrunarlækningum við Háskóla Íslands 1994 og prófessor frá 2008. Pálmi hefur verið leiðbeinandi fjölda nemenda í rannsóknartengdu námi. Hann hefur sinnt öldrunarlækningum frá heimkomu ýmist sem yfirlæknir, forstöðulæknir eða sviðsstjóri.

Pálmi hefur starfað í fjölmörgum nefndum innan sjúkrahúsa, læknaeildar og í heilbrigðisþjónustunni, m.a. um takmörkun meðferðar við lífslok, vistunarmat aldraðra, um forgangsroðun í heilbrigðisþjónustu (1995-1998) og heilbrigðisáætlun til ársins 2010 og verið formaður sérfræðinefndar lækna. Pálmi beitti sér fyrir stofnun og hefur verið formaður Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum frá 1999. Pálmi er í stýrihópi öldrunarrannsókna, sem er afar öflug rannsókn á heimsvísu og unnin í samvinnu Hjartaverndar og bandarísku öldrunarrannsóknarstofnunarinnar. Pálmi er þátttakandi í InterRAI frá 1991 og hefur setið í stjórn samtakanna frá 1999 (www.InterRAI.org) InterRAI er hópur vísindamanna sem vinnur að þróun samhæfðra alþjóðlegra matstækja fyrir fólk með langvinna sjúkdóma sem nýtur þjónustu innan heilbrigðis- og félagsþjónustunnar. Markmiðið er að skilgreina þarfir fólks á skilvirkan hátt, meta gæði, leggja mat á kostnað og auðvelda stefnumótun og alþjóðlegar rannsóknir. Pálmi hefur stýrt evrópskum og samnorrenum rannsóknum er snúa að aðferðarfræði InterRAI. Pálmi er í stjórn Middle Eastern Academy for Medicine on Aging frá 2005 og hefur sem sjálfboðaliði kennt öldrunarlækningar fyrir lyf- og heimilislækna í miðausturlöndum.



Tímaritsgreinar Pálma eru yfir 150 (meira en 6.000 tilvitnanir, h-index 33), nokkrir bókakaflar í virtum kennslubókum í öldrunarlækningum og fjölmörg ágríp á vísindapíngum auk boðsfyrirlestra. Hann hlaut hvatningarstyrk Landspítala 2013. Rannsóknarverkefni Pálma eru af margvíslegu tagi.

Helstu niðurstöður úr rannsóknum sem Pálmi hefur beitt sér fyrir eða tekið þátt í: Ákvarðanir við lífslok eru iðulega ræddar seint í sjúkdómsferli þegar einstaklingurinn sjálfur er of veikur til þess að taka þátt í umræðunni. Mikilvægt að taka almenna umræðu um lífsviðhorf og væntingar snemma og aðlaga síðan eftir því sem sjúkdómi vindur fram. Lífsskrá og miðlæg skráning á óskum og takmörkunum á meðferð væru framfaraskerf.


Aldurstengdar breytingar eru ígildi sjúkdóma og geta haft neikvæðar heilsufarslegar afleiðingar. Heilbrigður lífsstíll og hreyfing á miðjum aldri eykur líkur á heilbrigði og lífsgæðum á efstu árum. Engu að síður er aldrei of seint að bæta sig.

Erfðafræði Alzheimer's sjúkdóms eykur skilning á meingerð sjúkdómsins og getur bent á hugsanleg meðferðartækifæri sem gætu breytt náttúrusögu sjúkdómsins.

InterRAI tæknin straumlínulagar heildrænt öldrunarmat sem er nauðsynlegt þar sem eldra fólk er í eðli sínu gjörólíkt miðaldra fólki. Ástæðan er víðtækar aldurstengdar breytingar, sjúkdómafjöldi sem eykst með aldri, mörg lyf og líkamleg, vitræn og andleg skerðing sem verður algengari með aldri, svo og félagsleg viðfangsefni, m.a. fjölgar einbúum. InterRAI tæknin kortleggur öll þessi mál samtímis sem auðveldar forgangsröðun verkefna og skilning á stöðu einstaklingsins. En þessi tækni greinir einnig gæðavísa innan heilbrigðis- og félagsþjónustu og metur umönnunarþyngd. Þannig skapast tækifæri til að samstillja þjónustu í samfélagi og á sjúkrahúsi sem getur leitt til bættrar þjónustu, aukinna gæða, skilvirkni og hámarkunar á því fjármagni sem úr er að spila á hverjum tíma.

2016 Einar Stefán Björnsson yfirlæknir meltingarlækninga

Einar lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1989 og sérfræðiþrófi í lyflækningum 1993 og meltingarlækningum 1995 frá Sahlgrenska háskólasjúkrahúsinu í Gautaborg. Lauk doktorsprófi frá Gautaborgarháskóla 1994 og var post-doc Research Fellow í Ann Arbor, Michigan við University of Michigan 1996-1997. Vann síðan á Sahlgrenska frá 1997-2008 en var við John Radcliffe Hospital Oxford í Bretlandi árið 2001. Árið 2006 var hann settur prófessor við læknadeild Gautaborgarháskóla. Var gestaprófessor við Mayo Clinic í Rochester í Minnesota 2006 og 2008-2009. Var einnig gestaprófessor í rannsóknarleyfi við NIH, í Bethesda í Maryland 2014-2015. Tók við yfirlæknisstöðu í meltingarlækningum á Landspítala árið 2009 og samtímis prófessorsstöðu í sömu grein við Háskóla Íslands. Einar hefur sýnt lyfjamálum áhuga lengi. Var formaður lyfjanefndar um notkun lyfja við meltingarsjúkdómum í Gautaborg frá 1999-2007. Einar var einnig formaður lyfjanefndar Landspítala 2010-2014. Einar er „executive“ ritstjóri Scandinavian Journal of Gastroenterology frá 2013.



Einar hefur verið virkur í vísindastörfum og birt meira en 200 greinar og einnig fjölda bókakafla, sjúkratilfelli og ritstjórnargreinar. Hann hefur verið leiðbeinandi 7 einstaklinga sem varið hafa doktorsritgerðir auk fjölda meistara- og læknanema í rannsóknarverkefnum. Hann hefur kynnt meira en 300 ágríp á alþjóðlegum vísindaráðstefnum og haldið fjölda boðsfyrirlestra. Einar hefur samkvæmt Google Scholar meira en 12.300 tilvitnanir (h-index 65).

Rannsóknir Einars eru af margvíslegum toga. Doktorsritgerðin var á sviði hreyfinga í efri hluta meltingarvegar (e. Gastrointestinal motility). Eftir það beindust rannsóknir hans um skeið að starfrænum kvillum í meltingarvegi en síðan að ýmsum lifrarsjúkdómum. Mikil áhersla var og er lögð á klínískar rannsóknir á lifrarskaða af völdum lyfja en einnig á notkun og ávanabindandi eiginleika prótónupumpuhemla.

2017 Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir ónæmisfræðideildar og prófessor í ónæmisfræði,

Björn Rúnar lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 1981 og læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1989. Eftir að hafa unnið sem kandídat og aðstoðarlæknir fór hann í sérfræðinám í almennum lyflækningum við University of Wisconsin í Madison Bandaríkjunum 1991. Þaðan fór hann í framhaldsnám í klínískri ónæmisfræði við National Institute of Allergy, Immunology and Infectious diseases, National Institutes of Health, Bethesda, Maryland í Bandaríkjunum frá 1993 til 1996. Hann lauk bandaríska sérfræðiprófinu í almennum Lyflækningum 1994 og í klínískri ónæmisfræði 1997. Eftir að sérnámi lauk starfaði hann sem sérfræðilæknir og vísindamaður á NIAID, NIH frá 1996 til 1999. Hann varði doktorsritgerð sína „The Regulatory Function of IL-2 and IL-12 in Autoimmunity and Thymocyte Development” við læknadeild Háskóla Íslands 1999. Björn Rúnar kom til Íslands síðar það ár og hóf störf sem sérfræðilæknir á ónæmisfræðideild og dósent í ónæmisfræði við Háskóla Íslands. Hann var skipaður yfirlæknir ónæmisfræðideildar Landspítala og prófessor í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands 2007.



Helstu áherslur í rannsóknum

Megináherslur Björns Rúnars hafa legið á þremur megin sviðum. Í fyrsta lagi tilurð og afleiðingar meðfæddra ónæmisgalla, þá sérstaklega IgA skorts og galla í Lektín ferlum komplementkerfisins. Í öðru lagi stjórnun bólgusvars sjálfsónæmissjúkdóma, þá sérstaklega í tengslum við ósértækt ónæmissvar. Auk þess hefur Björn Rúnar unnið síðastliðinn áratug að þróun stoðtækja (í gegnum öpp og veflausnir (clinical decision support systems)) til að styðja við og auðvelda greiningu, eftirlit og meðferð gigtar- og ónæmissjúkdóma. Þessar rannsóknir hafa lagt grunn að einkaleyfum tengdum lyfjameðferð sjálfsónæmissjúkdóma og notkun ofangreindra veflausna. Einnig hafa þær lagt grunninn að sprotafyrirtækjum í Bandaríkjunum og á Íslandi en Björn Rúnar er einn af aðalstofnendum sprotafyrirtækisins eXpeda, ehf sem er starfandi hér á landi.

Björn Rúnar hefur hlotið fjölda innlendra og erlendra styrkja vegna rannsókna sinna. Hefur hann bæði sem leiðandi rannsakandi og samstarfsaðili hlotið nokkra rannsókna- og tækniþróunarsjóðsstyrki Rannís undanfarin ár.

Frá upphafi ferils síns hefur Björn Rúnar Lúðvíksson sýnt góða virkni við ritun fræðslu-, kennslu- og vísindagreina auk bókakafla í fræðigrein sinni. Liggja þannig eftir hann yfir hundrað slík rit auk nokkur hundruð fyrirlestra og ágripa í tengslum við innlendar og erlendar vísindaráðstefnur. Hann hefur leiðbeint fjölda lækna-, líffræði-, lífeindafræði-, hjúkrunarfræði- og líftölvunarfræðinema í rannsóknarnámi (BS, MS og PhD). Björn Rúnar hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum sem snúa að sérgrein hans innan- og utanlands auk þess sem hann var formaður Vísindasiðanefndar 2007–2012. Hann siturn einnig í ritnefndum vísindatímaritanna Scandinavian Journal of Immunology og Cellular & Molecular Immunology.



Runólfur Pálsson var útnefndur heiðursvísindamaður Landspítala 2018 á Vísindum á vordögum 24. apríl. Runólfur Pálsson er prófessor í lyflæknisfræði (nýrnasjúkdómafræði) við læknadeild Háskóla Íslands. Hann er jafnframt yfirlæknir nýrnalækninga (í leyfi) og umsjónarmaður líffæraígræðsluteymis Landspítala.

Runólfur Pálsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1979 og embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1985. Runólfur hélt í kjölfarið til framhaldsnáms í Bandaríkjunum þar sem hann stundaði nám í lyflækningum við Hartford Hospital og University of Connecticut 1988-1991 og í nýrnalækningum við Massachusetts General Hospital og Harvard Medical School í Boston 1991-1996. Hann lauk bandaríska sérfræðiprófinu í lyflækningum árið 1991 og í nýrnalækningum árið 1996. Eftir heimkomu starfaði Runólfur fyrst við Sjúkrahús Reykjavíkur og síðan við nýrnalækningaeiningu Landspítala. Hann var skipaður yfirlæknir nýrnalækninga á Landspítala árið 2004. Runólfur var ráðinn lektor í lyflæknisfræði (nýrnasjúkdómafræði) við Háskóla Íslands árið 1999, hlaut framgang í starf dósents árið 2004 og í starf prófessors árið 2014. Runólfur hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum. Hann var formaður Félags íslenskra lyflækna 2001-2016. Þá hefur hann verið forseti European Federation of Internal Medicine frá árinu 2016. Runólfur er fulltrúi Landspítala í stjórn norrænu líffæraígræðslustofnunarinnar Scandiatransplant. Hann hefur setið í deildarráði læknadeildar Háskóla Íslands frá 2013.

Runólfur hefur stundað umfangsmiklar rannsóknir á nýrnasjúkdómum sem að stærstum hluta hafa verið unnar í nánu samstarfi við Ólaf Skúla Indriðason nýrnalækni og Viðar Örn Eðvarðsson, sérfræðing í nýrnalækningum barna, á Landspítala. Meginviðfangsefnin hafa verið faraldsfræði og erfðafræði langvinnis nýrnasjúkdóms annars vegar og nýrnasteinasjúkdóms hins vegar. Rannsóknir Runólfs og Ólafs Skúla á faraldsfræði langvinnis nýrnasjúkdóms, í samvinnu við vísindamenn Hjartaverndar, hafa sýnt fram á svipað algengi og í öðrum vestrænum samfélögum þrátt fyrir að lokastignýrnabilun sé fátíðari hér en víðast annars staðar. Beinast rannsóknirnar nú að því að finna skýringu á þessu misræmi. Loks hefur samstarf við vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar leitt til uppgötvunar breytileika í erfðavísnum sem tengjast aukinni áhættu á þróun langvinnis nýrnasjúkdóms.

Rannsóknir á nýrnasteinasjúkdómi hafa sýnt að vaxandi nýgengi, sem talið hefur verið að tengist vestrænum lífsstílsþáttum, skýrist að mestu af aukinni greiningu einkennalausra steina. Samvinnan við Íslenska erfðagreiningu hefur verið sérlega árangursrík því fundist hafa afar áhugaverðir erfðavísar sem hafa tengsl við nýrnasteinasjúkdóm.

Loks hafa Runólfur og Viðar Örn unnið um árabíl að rannsóknum á erfðasjúkdómi er nefnist adenínfosfóríbósýltransferasaskortur og leiðir til nýrnasteina og langvinnis nýrnasjúkdóms af völdum útfellinga 2,8-díhýdroxýadeníns í nýrum. Árið 2008 stofnuðu þeir ásamt samstarfsmönnum á Mayo Clinic og New York University í Bandaríkjunum rannsóknarhópin Rare Kidney Stone Consortium sem fæst við rannsóknir á sjaldgæfum erfðasjúkdómum er valda nýrnasteinum og nýrnabilun (sjá nánar á www.rarekidneystones.org). Rannsóknarhópurinn hefur notið veglegra styrkja frá Bandarísku heilbrigðisstofnunni frá árinu 2009. Meðal mikilvægra áfanga er þróun aðferðar til að mæla 2,8-díhýdroxýadenín í þvagi sjúklinga með adenínfosfóríbósýltransferasaskort í samstarfi við vísindamenn hjá ArticMass í Reykjavík.

Runólfur hefur leiðbeint nemendum í doktorsnámi og meistaranámi við læknadeild Háskóla Íslands auk fjölda læknanema og ungra lækna. Runólfur hefur birt um 130 vísindagreinar og bókarkafli og hefur átt aðild að liðlega 300 ágrípum sem kynnt hafa verið á vísindapöngum. Þá hefur hann haldið fjölda boðsfyrirlestra víða um heim. Runólfur á sæti í ritstjórn Journal of Nephrology og sat áður í ritstjórn Clinical Journal of the American Society of Nephrology um árabíl. Einnig hefur Runólfur verið einn af ritstjórum og ábyrgðarmönnum Handbókar í lyflæknisfræði.

2004 Stefanía P. Bjarnarson líffræðingur og doktorsnemi, ónæmisfræðideild

hlaut verðlaunin fyrir rannsóknir sínar á ónæmiskerfi nýbura. Stefanía hefur stundað rannsóknir á ónæmiskerfi nýbura frá árinu 2000.

Stefanía vann í eitt ár að rannsóknum með Ingileifi Jónsdóttir og Håvard Jakobsen og hóf svo MS nám í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands haustið 2001. Verkefni Stefánú gekk undir heitinu: „B-frumuminni gegn fjölsykrum í nýfæddum og ungum músum” og var styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Lífvísindaáætlun ESB. Verkefnið sýndi fram á að bóluefnið ásamt LT-K63 jók einnig myndun B minnisfruma, sem er stór þáttur í langtímavernd gegn sýkingum. Bólusetning nýbura með hreinni fjölsykru virðist geta skert ónæmi sem þegar hefur myndast við bólusetningu með próteintengdum fjölsykrum þegar bóluset er undir húð, en ekki ef hreina fjölsykran er gefin um nef. Þessar niðurstöður kynnti hún á síðasta ári á ráðstefnunni Vísindi á vordögum og á Alþjóðþingi í ónæmisfræði í Montreal í Kanada. Stefánú var boðið sem ungur vísindamaður af Norrænum samtökum í sýklavörnum á ársþingi þeirra í Osló sl. haust til að kynna rannsókn sína þar. Vorið 2003 var verkefni Stefánú uppfært í doktorsnám með samþykki rannsóknanámsnefndar læknadeildar. Doktorsverkefnið gengur undir nafninu: „Myndun og einkenni fjölsykru sértækra B-minnisfrumna í nýfæddum músum - bólusetning með próteintengdum fjölsykrum með mismunandi bóluefnum, ónæmisglæðum og eftir mismunandi bólusetningarleiðum.”



Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði, Rannsóknasjóði HÍ, Vísindasjóði LSH og minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar. Þá leggur Aventis Pasteur í Frakklandi til bóluefni auk þess sem Chiron Vaccine á Ítalíu leggur til LT-ónæmisglæða.

Stefanía hefur tekið virkan þátt í öðrum rannsóknum leiðbeinenda síns sem varða ónæmiskerfi nýbura og svör við bólusetningum. Þá hefur hún unnið undir handleiðslu Ingileifar að mælingum á boðefnum í nefslími og blóði ungbarna með RSV sýkingar í samvinnu við Sigurð Kristjánsson, barnalækni. Stefanía er að sjálfsögðu ánægð með að hafa verið verðlaunuð fyrir rannsóknarstörf sín og segir þau vera góða viðurkenningu fyrir störf sín undanfarin ár. Framtíðaráform hennar eru að ljúka doktorsprófi við læknadeild HÍ sem er áætlað um áramótin 2006 og 2007. Þá hefur hún í huga að sækja um post-doc-stöðu í rannsóknum á sama sviði, ónæmisvari nýbura, á erlendri grundu. Stefanía lauk stúdentsprófi frá MR árið 1995 og B.S.prófi í líffræði frá Háskóla Íslands árið 2000.

2005 Kristbjörn Orri Guðmundsson líffræðingur og doktorsnemi, Blóðbankanum

Hann hóf störf í Blóðbankanum árið 1995 að loknu lokaprófi í líffræði við HÍ. Í rannsóknarstörfum sínum í Blóðbankanum hefur hann lagt megináherslu á rannsóknir á blóðmyndandi stofnfrumum en jafnframt komið að rannsóknum á skyldum sviðum.

Rannsóknarverkefni hans til meistaraþrófs hét: "CD34+ frumur og B-eitilfrumur í naflastrengsblóði: blóðmyndandi forverafrumur, þroskaferill B-frumna og mótefnamyndandi B-frumur" og varði hann það við læknadeild Háskóla Íslands árið 1999. Verkefnið leitaðist við að kortleggja þroskaferil frá blóðmyndandi stofnfrumum yfir í B frumur sem framleiða immunoglobulín. Í þessu verkefni lagði hann grunninn að fjölda aðferða sem nú eru notaðar í Blóðbankanum við grunnrannsóknir og þjónustu á sviði stofnfrumuígræðslu fyrir sjúklinga. Kristbjörn Orri hefur síðan komið að kennslu og þjálfun nema í rannsóknarnámi við Háskóla Íslands, auk þess að standa að námskeiðum um blóðmyndandi stofnfrumur á vegum læknadeildar HÍ ásamt fjölda samstarfsaðila.



Hann hefur verið handleiðandi í námsverkefnum líffræðinema og læknanema við HÍ, auk þess að vera virkur í mastersverkefni Ólafs Eysteins Sigurjónssonar (2001): Megakaryocyte Development in vitro: differentiation, ploidy and apoptosis, sem unnið var í Blóðbankanum með fjölda samstarfsaðila.


Árið 2000 hóf Kristbjörn Orri doktorsnám við Háskóla Íslands og nefnist verkefnið: GENE EXPRESSION IN HEMATOPOIETIC STEM CELL DEVELOPMENT. ANALYSIS OF GENE EXPRESSION IN DIFFERENT SUBPOPULATIONS OF HEMATOPOIETIC STEM CELLS WITH RELEVANCE TO SELF-RENEWAL, COMMITMENT, AND DIFFERENTIATION þar sem meginmarkmiðið var að nota stofnfrumulínúmódel til að einangra gen sem hafa með endurnýjun og sérhæfingu blóðmyndandi stofnfrumna að gera.

Kristbjörn Orri lagt grunninn að virku tengslaneti innan lands og víða um heim. Auk samstarfsaðila hér á landi, sem eru fjölmargir, þá er víðtækt samstarf við Rikshospitalet í Osló og við Bandarísku krabbameinsstofnunina (National Cancer Institute, NCI) þar sem fyrst skal nefna Jonathan R. Keller og Neil G. Copeland.

Jafnframt grunnrannsóknnum sínum hefur Kristbjörn Orri verið í forystusveitinni sem lagði grunninn að klínískri þjónustu á sviði stofnfrumuígræðslu á Íslandi. Verkefnið er samstarfsverkefni Blóðbankans, blóðlækningadeildar og blóðmeinafræði LSH. Kristbjörn Orri hefur þannig lagt mikilsvert framlag til að veita reynslu úr grunnrannsóknnum og þróun inn í klíníska starfsemi sem nýtist íslenskum sjúklingum. Kristbjörn Orri mun að loknu doktorsprófi í júní nk. fara til starfa við bandarísku krabbameinsstofnunina (NCI) í post-doktoral stöðu á rannsóknarstofu Jonathans R. Keller.

2005 Sólveig Jónsdóttir taugasálfræðingur og doktorsnemi

Hún hefur starfað á endurhæfingarsviði LSH sem klínískur taugasálfræðingur frá árinu 2005. Hún lauk stúdentsprófi frá MR árið 1969, B.A. prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands 1975, meistarapróf í menntunarsálfræði frá John Carroll University, Ohio árið 1982, löggildur skólasálfræðingur árið 1984 frá sama skola, diplóma í taugasálfræðilega barna 1998 frá the European Graduate School of Child Neuropsychology í Amsterdam. Sérfræðingur í klínískri taugasálfræði barna árið 2001 Sólveig hefur verið ráðgjafandi sálfræðingur við barna- og unglingageðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og unnið sem meðdómari og yfirmatsmaður við Héraðsdómsstóla Reykjavíkur og Reykjaness.



Hún hefur sinnt ýmsum nefndarstörfum, verið formaður Félags íslenskra skólasálfræðinga í fagráði Landlæknis um geðvernd, námsmatsnefnd Sálfræðingafélags Íslands, svo og öðrum nefndum Landlæknisembættisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hún hefur verið leiðbeinandi nemenda í sálfræði við Háskóla Íslands og haldið fjölmörg erindi um sálfræðileg vandamál. Sólveig er við doktorsnám í klínískri taugasálfræði undir handleiðslu prófessoranna Joseph A. Sergeant Ph.D. og Erik J.A. Scherder Ph.D. við Óháða háskólann (Vrije Universiteit) í Amsterdam og Anke Bouma Ph.D. við Ríkisháskólann í Groningen í Hollandi. Doktorsrannsóknir hennar hafa beinst að ofvirkni og athyglisbresti meðal barna og einkennum sem koma fram meðal þess hóps er varðar málþroskaröskun og minnstruflanir. Rannsóknir hennar hafa einnig beinst að áhrifum raförvunar gegnum húð hjá þessum hópi.

2006 Valgarður Sigurðsson líffræðingur og doktorsnemi

Valgarður lauk prófi frá líffræðideild HÍ 2003 og meistaragráðu skólann á árinu 2005. Nú stundar hann doktorsnám við læknadeild HÍ og er Þórarinn Guðjónsson aðalleiðbeinandi hans.

Doktorsverkefni Valgarðs er "Æðapelsfrumur örva bandvefslíka umbreytingu brjóstastofnfrumna í þrívíðri ræktun" og fékk hann nýlega verðlaun Danska krabbameinsfélagsins fyrir þetta sama verkefni sem hann kynnti í Kaupmannahöfn á veggspjaldi. Valgarður er mjög efnilegur ungur vísindamaður og vel að tilnefningunni og verðlaununum kominn.



2007 Sveinn Hákon Harðarson líffræðingur og doktorsnemi

Sveinn Hákon er fæddur árið 1978. Hann varð stúdent frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti á árinu 1998, stundaði að því búnu efnafraeðinám við HÍ í einn vetur en skipti síðan yfir í nám í læknisfræði.

Að loknum fyrstu þremur námsárunum í læknadeild tók hann sér hlé frá námi til að vinna við rannsóknir, fyrst á raflífeðlisfræðilegri kortlagningu á sjónhimnu í rottum en síðan við rannsóknir á súrefnismettun í augnbotnum undir handleiðslu Einars Stefánssonar, prófessors í augnsjúkdómum.

Fyrri rannsóknin leiddi til BS gráðu en hin síðari til meistaragráðu við Háskóla Íslands og frá árinu 2006 hefur Sveinn Hákon lagt stund á doktorsnám við skólann sem byggist á áframhaldandi rannsóknum á súrefnismettun í augnbotnum.



2008 Helga Kristjánsdóttir líffræðingur og doktorsnemi

Helga lauk B.Sc. prófi í líffræði frá raunvísindadeild HÍ 1990 og meistaraprófi í heilbrigðisvísindum frá læknadeild 2001. Rannsóknarverkefni Helgu til meistaraprófs hét "Studies of C4AQ0 and MHC haplotypes in Icelandic multicase families with Systemic Lupus Erythematosus". Aðalleiðbeinandi var Kristján Steinsson og var verkefnið unnið á rannsóknarstofu í gigtsjúkdómum á LSH.

Helga hóf doktorsnám við Uppsalaháskóla árið 2006. Heiti verkefnisins er "The PD-1 pathway in SLE and autoimmunity" og er samvinnuverkefni rannsóknarstofu í gigtsjúkdómum á LSH og Uppsalaháskóla. Aðalleiðbeinendur eru Marta E. Alarcón Riquelme við erfðafræðideild Uppsalaháskóla og Kristján Steinsson á rannsóknarstofu í gigtsjúkdómum.



2009 Erna Sif Arnardóttir líffræðingur og doktorsnemi

Heiti doktorsverkefnis: Genatjáning og bólgusvörun í kæfisvefni og við svefnsviptingu. Leiðbeinendur: Þórarinn Gíslason, prófessor við læknadeild HÍ og yfirlæknir á lungnadeild LSH og Allan I. Pack, prófessor við University of Pennsylvania, og gestaprófessor við læknadeild HÍ. Markmið verkefnisins er að rannsaka tvo hópa: 1) Einstaklinga með ómeðhöndlaðan kæfisvefn. 2) Heilbriggt fólk sem haldið er vakandi lengur en í sólarhring.

Vísindalegt gildi þessarar rannsóknar er að skilja betur þær breytingar sem verða í líkamanum vegna kæfisvefnis og svefnsviptingar. Einnig að leita eftir sértækum breytingum í blóði sem geta spáð fyrir um kæfisvefn og svefnleysi. Jafnframt að skilja hvað aðgreinir þá sem þola svefnleysi og slæm svefngeði vel og þá sem þola svefnleysi illa. Slík þekking getur verið mikilvæg til að skilja betur hlutverk svefnis og erfðafræðilegan mun einstaklinga. Á grunni slíkrar þekkingar má væntanlega veita einstaklingsbundna ráðgjöf um meðferð t.d. kæfisvefnis og jafnvel meta fyrirfram líkur þess að einstaklingur "þoli" svefntruflun (t.d. næturvinnu).



2010 Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur

Berglind Guðmundsdóttir er fædd árið 1972. Hún lauk BA prófi í sálfræði frá HÍ árið 1998. Berglind lagði stund á framhaldsnám í klínískri sálarfræði við Ríkisháskóla New York ríkis í Buffaló í Bandaríkjunum. Hún lauk þaðan meistaraprófi árið 2004 og doktorsprófi árið 2006 með áherslu á kvíðaraskanir og afleiðingar áfalla. Berglind er löggiltur sálfræðingur á Íslandi frá 2006 og klínískur dósent við sálfræðideild HÍ frá 2010. Berglind hefur starfað sem sálfræðingur hjá Landspítala frá árinu 2006. Berglind sinnir greiningar- og meðferðarvinnu við áfallamiðstöð/neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á LSH.

Helstu áherslur í rannsóknum eru á eðli og afleiðingum áfalla og sinnir einnig handleiðslu annarra fagaðila. Berglind er stundakennari við Háskóla Íslands og Endurmenntun HÍ og handleiðir nema í starfsnámi og lokaverkefnum. Hún hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða tengd afleiðingum og úrvinnslu áfalla.



2011 Martin Ingi Sigurðsson læknir og doktorsnemi

Martin Ingi er fæddur 1982 og lauk kandídatsprófi í læknisfræði við HÍ 2009. Hann lauk kandidatsári á Landspítala 2010 og er í starfi á lyflækningasviði LSH. Hann hefur verið sérlega virkur í rannsóknarstarfi og náð góðum árangri í rannsóknum með samstarfsmönnum sínum.

Martin Ingi hóf doktorsnám við HÍ samhliða læknanámi og verður doktorsvörn í júní 2011. Titill doktorsverkefnisins er Lífupplýsingafræðileg og sameindalíffræðileg greining á eiginleikum DNA metýlnar í erfðamengi mannsins. Hluti verkefnisins var unninn við Johns Hopkins háskólasjúkrahúsið í Baltimore, BNA. Hann hefur m.a. fengið styrki úr Vísindasjóði LSH og Háskólasjóði HÍ.



2012 Sævar Ingbórsson líffræðingur og doktorsnemi

Sævar Ingbórsson, líffræðingur og doktorsnemi er fæddur árið 1981. Hann lauk B.S. prófi í líffræði frá raunvísindadeild HÍ árið 2006 og meistaraþrófi í líf- og læknávisindum frá læknadeild Háskóla Íslands 2008.

Sævar hóf doktorsnám í líf- og læknávisindum við læknadeild HÍ 2009 og starfar á rannsóknarstofu í stofnfrumufræðum sem er rekin af Magnúsi Karli Magnússyni prófessor og Þórnari Guðjónssyni dósent. Heiti rannsóknaverkefnis: Hlutverk sprouty próteina í stjórn EGFR boðleiða í brjóstapekjufurum

Markmið verkefnisins: Að rannsaka hlutverk og samskipti Sprouty-2 við EGFR týrósin kínasa viðtaka fjölskylduna í greinóttri formgerð brjóstskirtilsins og kortleggja áhrif yfirtjáningar og sívirktrar tjáningar viðtakanna í framþróun æxlisvaxtar í brjóstskirtli. Í rannsóknunum er notast við þrívíð frumuræktunarlíkon og frumulínur, bæði úr heilbrigðum vef og krabbameinsvef, ásamt frumulínu með stofnfrumueiginleika.

Samhliða rannsóknum sínum hefur Sævar leiðbeint íslenskum og erlendum nemum sem koma á rannsóknastofuna í styttri verkefni, ásamt kennslu í vefjafræði við læknadeild.

Sævar hefur hlotið rannsóknastyrki, m.a. frá Rannís, Háskóla Íslands, Landspítala og Göngum saman.



2013 Paolo Gargiulo verkfræðingur og lektor

Paolo er fæddur 1973. Lauk MS prófi í heilbrigðisverkfræði frá háskólanum í Napólí, Federico II, árið 2001. Meistaraverkefni á rannsóknar- og þróunarsviði LSH 1999-2001. Doktorsnám við TU háskólann í Vín 2005-2008. Heiti doktorsverkefnis: 3D Modelling and Monitoring of Denervated Muscle under Functional Electrical Stimulation Treatment and Associated Bone Structural Changes. Hefur starfað á Landspítala frá árinu 2002. Lektor í Háskólanum í Reykjavík frá 2008.



Helstu áherslur í rannsóknum: Læknisfræðileg mynd- og líkanagerð og klínísk verkfræði
Helstu núverandi rannsóknarverkefni: Eftirlit aftaugaðra vöðva í þverlömuðum sjúklingum Samstarfsaðili: Þórður Helgason, verkfr og dósent. Rannsóknir á innra eyra í BBPV sjúklingum. Samstarfsaðilar: Hannes Petersenm, yfirlæknir og dósent. Rannsókn á sjúklingum sem undirgangast heildarmjaðmaliðarskipti í fyrsta sinn. Samstarfsaðili: Halldór Jónsson jr., yfirlæknir og prófessor, Rannsóknir á utanfrumuefnamyndun. Samstarfsaðilar: Blóðbankinn, dr. Ólafur E. Sigurjónsson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, dr. Gissur Örlygsson. Líkanagerð af rafvirkni í heila. Samstarfsaðili: Próf. Ceon Ramon Univerisity of Washington

Helstu greinar í ritrýndum tímaritum og bókakaflar

P. Gargiulo, T. Pétursson, B. Magnússon, P. Bifulco, M. Cesarelli, G.M. Izzo, G. Magnúsdóttir et al. "Assessment of Total Hip Arthroplasty by Means of Computed Tomography 3D Models and Fracture Risk Evaluation." Artificial organs (2013).

P. Gargiulo, T. Helgason, P. Ingvarsson, W. Mayr, H. Kern and U. Carraro "Medical Image Analysis and 3-D Modeling to Quantify Changes and Functional Restoration in Denervated Muscle Undergoing Electrical Stimulation Treatment" Human-centric Computing and Information Sciences 2012, 2:10

P. Gargiulo, J Reynisson, B. Helgason, H. Kern, W. Mayr, P. Ingvarsson, , T. Helgason U. Carraro “Muscle, tendons and bone: structural changes during denervation and FES treatment” *Neurol Res* Volume 33, Number 7, September 2011 , pp. 750-758(9)

P. Gargiulo, T. Helgason P. J Reynisson, B. Helgason, H. Kern, W. Mayr, P. Ingvarsson, U. Carraro “Monitoring of Muscle and Bone Recovery in Spinal Cord Injury Patients Treated With Electrical Stimulation Using Three Dimensional Imaging and Segmentation Techniques: Methodological Assessment” *Artificial Organs* 2011. 35(3):275–281.

P. Gargiulo, U. Carraro, T. Mandl, H. Kern, S. Zampieri, W. Mayr, T. Helgason “Anthropometry of human muscle using segmentation techniques and 3D modelling: applications to lower motor neuron denervated muscle in Spinal Cord Injury” : Book Chapter in: *Handbook of Anthropometry: Physical Measures of Human Form in Health and Disease*. (2011) Pages 324-354

P. Gargiulo , B. Vatnsdal, P. Ingvarsson, S.Knútsdóttir, V. Gudmundsdóttir, S.Yngvason and T. Helgason.. Restoration of Muscle Volume and Shape Induced by Electrical Stimulation of Denervated Degenerated Muscles: Qualitative and Quantitative Measurement of Changes in Rectus Femoris Using Computer Tomography and Image Segmentation. *Artificial Organs* (2008) 32(8):609–613.

2014 Erla Björnsdóttir sálfræðingur

Erla Björnsdóttir er fædd árið 1982. Hún lauk BA prófi í sálfræði frá HÍ 2007 og lagði í kjölfarið stund á framhaldsnám í klínískri sálfræði við Háskólann í Árósum og lauk þaðan meistaraþrófi árið 2009. Erla hóf doktorsnám við læknadeild HÍ árið 2010 og mun verja doktorsritgerð sína síðar á þessu ári. Erla er löggiltur sálfræðingur á Íslandi frá 2009 og starfar sem sálfræðingur hjá Sálfræðiráðgjöfinni þar sem hún sinnir greiningu og meðhöndlun svefnvandamála.



Erla stundar rannsóknir á langvarandi svefnleysi og kæfisvefni en doktorsverkefni hennar fjallar um svefnleysi, geðræna líðan og lífsgæði hjá sjúklingum með kæfisvefn. Að auki er Erla stofnandi og framkvæmdastjóri Betri svefns þar sem boðið er upp á hugræna atferlismeðferð við svefnleysi í gegnum Internetið. Erla vinnur nú ásamt samstarfsfélögum sínum hjá Betri svefni að opnun netmeðferðar í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Erla hefur einnig starfað við stundakennslu við Háskóla Íslands ásamt því að handleiða nemendur í starfsnámi og lokaverkefnum. Erla hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða um svefn, svefnvandamál og úrlausnir þeirra.

2015 Ramona Lieder, náttúrufræðingur og nýdoktor

Ramona Lieder, náttúrufræðingur og nýdoktor, er ungur vísindamaður ársins 2015 á Landspítala. Ramona fæddist árið 1987 í Innsbruck í Austurríki. Hún lauk diplómaþrófi í líftækni með sérhæfingu í efnafræði virkra efna frá University of Applied Sciences FH Campus Wien árið 2009.



Í diplómaverkefni sínu dvaldi Ramona á Íslandi á Erasmus styrk þar sem hún vann lokaverkefni sitt undir handleiðslu dr. Ólafs E. Sigurjónssonar og dr. Más Mátssonar prófessors. Ramona flutti til Íslands að loknu diplómanámi sínu og innritaðist í doktorsnám við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík 2010 undir leiðsögn Ólafs E. Sigurjónssonar, forst.manns rannsóknar og nýsköpunar í Blóðbankanum og dósentis við HR, dr. Gissurar Örlygssonar við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Más Mátssonar, prófessors við HÍ. Titill ritgerðarinnar var „Chitosan and Chitosan Derivatives in Tissue Engineering and Stem Cell Biology“. Ramóna útskrifaðist með doktorsgráðu í líftækni vorið 2013. Hún starfar sem nýdoktor í rannsóknarhópi Ólafs E. Sigurjónssonar og er starfsmaður í gæðadeild Blóðbankans.

Í doktorsverkefninu rannsakaði Ramona áhrif hinna ýmsu kitín- og kitósan afleiða á vöxt og sérhæfingu mesenchymal stofnfrumna og hvernig nýta mætti slíkar afleiður í vefjaverkfræði. Þar að auki skoðaði hún áhrif endótoxínmengunar á beinsérhæfingu mesenchymal stofnfrumna. Samhliða rannsóknum sínum hefur Ramona leiðbeint íslenskum og erlendum nemum og hefur hlotið rannsóknarstyrki, m.a. frá LSH og Rannís. Hún hefur verið höfundur eða þátttakandi í 14 ritrýndum ritverkum.

2016 Óla Kallý Magnúsdóttir næringarfræðingur

Óla Kallý Magnúsdóttir er ungur vísindamaður Landspítala 2016.. Óla Kallý er fædd árið 1982. Hún lauk BS próf í líffræði frá Háskóla Íslands árið 2005 og MS prófi í næringarfræði frá sama skóla árið 2008. Óla Kallý hóf doktorsnám við HÍ árið 2010 og varði doktorsritgerð sína 24. október 2014.



Heiti doktorsverkefnis Ólu Kallýar var „Heilkorn - mikilvægur hluti af heilsusamlegu norrænu mataræði. Lífvísar fyrir neyslu heilkornahveitis og -rúgs.“ Leiðbeinendur í verkefninu voru dr. Inga Þórsdóttir, prófessor og forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, og dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður rannsóknarstofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala. Auk þeirra sat í doktorsnefnd dr. Matti Uusitupa, prófessor við Háskólann í Kuopio í Finnlandi. Doktorsverkefnið byggði á gögnum sem aflað var í tengslum við tvö öndvegisverkefni Nordforsk á sviði næringarfræði, annars vegar SYSDIET (Systems biology in controlled dietary interventions and cohort studies) og hins vegar HELGA (Nordic Health - wholegrain Food). SYSDIET er íhlutunarrannsókn sem gerð var á sex rannsóknarstofum í Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og Íslandi. Eitt af meginmarkmiðum SYSDIET var að greina lífvísa fyrir neyslu á norrænu mataræði (Nordic diet). Markmið HELGA verkefnisins var hins vegar að kanna áhrif mataræðis sem ríkt er af heilkornavörum á lífsstílssjúkdóma, s.s. krabbamein og sykursýki. Meginmarkmið doktorsritgerðarinnar var að auka þekkingu á notkun alkýlresorsínóla, sem lífvísa fyrir heilkornahveiti og -rúg í heilsusamlegu norrænu mataræði og meta tengsl þeirra við sykurefnaskipti og styrk blóðfitu. Auk þess var metinn fýsileiki þess að framkvæma íhlutun með hárrí neyslu á heilkornarúgi meðal íslenskra karla sem neyta að jafnaði lítils magns af heilu korni. Óla Kallý starfar á næringarstofu Landspítala (LSH) og sinnir þar næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki og næringu aldra ásamt því að starfa á sykursýkismóttöku Heilbrigðisstofnunnar Suðurnesja (HSS), samkvæmt sérstökum þjónustusamningi milli HSS og LSH. Óla Kallý hefur annast stundakennslu við Háskóla Íslands þar sem hún leiðbeinir meðal annars nenum í starfsnámi og rannsóknartengdu framhaldsnámi. Óla Kallý hefur hlotið rannsóknarstyrki frá Rannís (Rannsóknánámssjóður Rannís) og úr Vísindasjóði Landspítala. Frá útskrift hefur Óla Kallý tekið þátt í endurskoðun og uppsetningu sjúklinganámskeiða á göngudeild sykursýki og undirbúningi rannsóknar til að meta árangur þeirra. Rannsókn hefst formlega í september 2016. Einnig hefur hún unnið að ritun klínískra leiðbeininga fyrir næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2. Auk þess hefur hún unnið að rannsókn á matarsóun og vannæringu sjúklinga á öldrunardeildum Landspítala Landakoti í samvinnu við nemendur í meistaranámi í næringarfræði við Háskóla Íslands. Óla Kallý hefur einnig tekið virkan þátt í nefndarstörfum fyrir Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands. Hún hefur leitt samtal næringarfræðinga sem sérhæfa sig í næringarmeðferð við sykursýki fyrir hönd félagsins við nýstofnaðan faghóp hjúkrunarfræðinga sem sinnir meðferð við sykursýki í því skyni að efla teymisvinnu og leggja grunn að framtíðarrannsóknum sem miða að því til langs tíma að bæta þjónustu við einstaklinga með sykursýki.

Birtar greinar:

Magnusdottir OK, Landberg R, Gunnarsdottir I, Cloetens L, Åkesson B, Rosqvist F, Schwab U, Herzig KH, Hukkanen J, Savolainen MJ, Brader L, Hermansen K, Kolehmainen M, Poutanen K, Uusitupa M, Risérus U, Thorsdottir I. Whole grain rye intake, reflected by a biomarker, is associated with favorable blood lipid outcomes in subjects with the metabolic syndrome--a randomized study. *PloS One*, 2014 23;9(10)

Marklund M, Magnusdottir OK, Rosqvist F, Cloetens L, Landberg R, Kolehmainen M, Brader L, Hermansen K, Poutanen KS, Herzig KH, Hukkanen J, Savolainen MJ, Dragsted LO, Schwab U, Paananen J, Uusitupa M, Åkesson B, Thorsdottir I, Risérus U. A dietary biomarker approach captures compliance and cardiometabolic effects of a healthy Nordic diet in individuals with metabolic syndrome. *Journal of Nutrition*, 2014, 144(10)

Magnusdottir OK, Landberg R, Gunnarsdottir I, Cloetens L, Akesson B, Landin-Olsson M, Rosqvist F, Iggman D, Schwab U, Herzig KH, Savolainen MJ, Brader L, Hermansen K, Kolehmainen M, Poutanen K, Uusitupa M, Thorsdottir I, Risérus U. Plasma alkylresorcinols C17:0/C21:0 ratio, a biomarker of relative whole-grain rye intake, is associated to insulin sensitivity: a randomized study. *European Journal of Clinical Nutrition*, 2014, 68(4)

Magnusdottir OK, Landberg R, Gunnarsdottir I, Cloetens L, Åkesson B, Önning G, Jonsdottir SE, Rosqvist F, Schwab U, Herzig KH, Savolainen MJ, Brader L, Hermansen K, Kolehmainen M, Poutanen K, Uusitupa M, Thorsdottir I, Risérus U. Plasma alkylresorcinols reflect important whole-grain components of a healthy Nordic diet. *Journal of Nutrition*, 2013, 143(9)

Jonsdottir SE, Brader L, Gunnarsdottir I, Magnusdottir OK, Schwab U, Kolehmainen M, Risérus U, Herzig KH, Cloetens L, Helgegren H, Johansson-Persson A, Hukkanen J, Poutanen K, Uusitupa M, Hermansen K, Thorsdottir I. Adherence to the Nordic Nutrition Recommendations in a Nordic population with metabolic syndrome: high salt consumption and low dietary fibre intake (The SYSDIET study). *Food and Nutrition Research*, 2013, 16;57

2017 Berglind Hálfhálsdóttir ljósmóðir

Berglind Hálfhálsdóttir er fædd árið 1973. Hún lauk BSc-gráðu í hjúkrun frá Háskóla Íslands árið 2004, Cand.Obst-gráðu í ljósmóðurfræði árið 2007 og MSc-gráðu í ljósmóðurfræði frá sama skóla árið 2011. Berglind hóf doktorsnám í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands árið 2012 og varði doktorsritgerð sína 2. maí 2016.



Doktorsritgerð Berglindar ber heitið Fyrirfram ákveðnar heimafæðingar á Íslandi: Forsendur, útkoma og áhrifaþættir (e. Planned home births in Iceland: Premise, outcome and influential factors). Leiðbeinandi Berglindar í verkefninu var dr. Herdís Sveinsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Auk hennar sátu í doktorsnefndinni dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, dr. Alexander Kr. Smárason, prófessor við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri, og dr. Ingegerd Hildingsson, prófessor við Háskólann í Uppsöllum.

Markmið doktorsrannsóknarinnar var að skoða sjálfræði kvenna um val á fæðingarstað, bera saman útkomu fyrirfram ákveðinna heimafæðinga og sjúkrahúsfæðinga á Íslandi og meta áhrif frábendinga og viðhorfa kvenna á útkomu fæðinga. Sjálfræði kvenna um val á fæðingarstað var rannsakað með hugtakagreiningu. Útkoma heimafæðinga og áhrif frábendinga voru könnuð með afturvirkum ferilrannsóknnum á gögnum úr mæðraskrá. Áhrif viðhorfa kvenna til heimafæðinga á útkomu fæðinga voru skoðuð með framvirkri ferilrannsókn á gögnum úr rannsókninni Barneign og Heilsa. Helstu niðurstöður voru þær að tíðni hríðaörvunar með lyfjum, mænurótardeyfingar og blæðingar eftir fæðingu ≥ 500 ml var marktækt lægri í fyrirfram ákveðnum heimafæðingum en sjúkrahúsfæðingum, að áhrif frábendinga voru marktækt neikvæðari í fyrirfram ákveðnum heimafæðingum en í sjúkrahúsfæðingum og að viðhorf kvenna til fæðinga og inngripa hafði áhrif á sambandið milli viðhorfa þeirra til heimafæðinga og útkomu fæðinganna.

Berglind hlaut rannsóknarstyrki til doktorsnáms frá Rannsóknarnámssjóði Rannís, Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda, Rannsóknasjóði Ljósmæðrafélagsins og Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur.

Berglind tekur um þessar mundir þátt í samnorrænni rannsókn á útkomu heimafæðinga á Íslandi, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Hún tekur einnig þátt í fjölþjóðlegri rannsókn á tíðni inngripa í fæðingum og tengslum inngripatíðni og útkomu fæðinga í ólíkum löndum. Enn fremur leiðir Berglind

rannsókn á útkomu fæðinga í tengslum við heilsufars- og áhættuflokkun á fæðingarvakt Landspítala. Til þessa verkefnis hlaut Berglind styrk ætlaðan ungu starfsfólki Landspítala til klínískra rannsókna.

Berglind Hálfðánsdóttir sinnir nú ljósmóðurstörfum, verkefnavinnu og rannsóknarvinnu á fæðingarvakt Landspítala auk þess sem hún er lektor í ljósmóðurfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Á Landspítala hefur Berglind frá doktorsvörn sinni tekið þátt í endurskoðun verklags á fæðingarvakt, unnið efni fyrir nýjar vefsíður deildarinnar og stýrt leshópum samstarfsfólks auk þess sem hún situr í stýriningfnd fagráðs ljósmæðra á Landspítala. Í störfum sínum við Háskólann hefur hún meðal annars haft umsjón með klínískum námskeiðum og verið tengiliður við farnisetur hjúkrunarfræðideildar.

Birtar ritrýndar greinar

Halfdansdóttir, B., Olafsdóttir, O. A., Hildingsson, I., Smarason, A. K., and Sveinsdóttir, H. (2016). Maternal attitudes towards home birth and their effect on birth outcomes in Iceland: A prospective cohort study. *Midwifery* 34, 95-104. doi:10.1016/j.midw.2015.12.010.

Gottfredsdóttir, H., Magnúsdóttir, H., Hálfðánsdóttir, B. (2015). Home birth constructed as a safe choice in Iceland: a content analysis on Icelandic media. *Sexual & Reproductive Healthcare* 6, 138-144. doi:10.1016/j.srhc.2015.05.004.

Halfdansdóttir, B., Wilson, M. E., Hildingsson, I., Olafsdóttir, O. A., Smarason, A. K., and Sveinsdóttir, H. (2015). Autonomy in place of birth: a concept analysis. *Medicine, Health Care and Philosophy* 18, 591-600. doi: 10.1007/s11019-015-9624-y.

Halfdansdóttir, B., Smarason, A. K., Olafsdóttir, O. A., Hildingsson, I., and Sveinsdóttir, H. (2015). Outcome of planned home and hospital births among low-risk women in Iceland in 2005–2009: a retrospective cohort study. *Birth* 42, 16-26. doi: 10.1111/birt.12150.

Berglind Hálfðánsdóttir, Ólöf Ásta Ólafsdóttir, og Alexander Kristinn Smáráson. (2011). Að fæða heima – áhætta eða ávinningur? Samanburður á útkomu fyrirfram ákveðinna heimafæðinga og sjúkrahús-fæðinga á Íslandi 2005-2009: afturvirk forrannsókn með tilfella-viðmiðasniði [Giving birth at home – risk or reward? Comparing the outcome of planned home and hospital birth in Iceland 2005-2009: a retrospective case-control pilot study]. *Ljósmæðrablaðið* 89(2), 6-12. Icelandic.

2018 Ása Bryndís Guðmundsdóttir lyfjafræðinemi, Bára Dís Benediktsdóttir lækni, Elva Rut Sigurðardóttir læknanemi, Ólafur Pálsson lækni

Ása Bryndís Guðmundsdóttir lyfjafræðinemi

Ég lauk meistaraþrófi frá lyfjafræðideild Háskóla Íslands árið 2011 og legg nú stund á doktorsnám í ónæmisfræði við læknaeild Háskóla Íslands undir leiðsögn Jónu Freysdóttur og Ingibjargar Harðardóttur. Doktorsverkefnið ber heitið „Utanfrumufjölsýkrur blágrænþörungna úr Bláa Lóninu draga úr tjáningu angafrumna á SYK og CLEC7a“. Markmið verkefnisins er að upplýsa verkunarmáta Bláa lónins sem gæti skýrt þann bata sem sórasjúklingar hljóta við böðun í lóninu. Cyanobacterium aponinum er blágrænþörungurinn sem er ríkjandi í vistkerfi lónsins og seytir utanfrumufjölsýkru í lónið. Ása Bryndís einangraði utanfrumufjölsýkruna og kannaði áhrif hennar á angafrumur, T frumur og hynisfrumur í rækt. Niðurstöður verkefnisins gefa til kynna að fjölsýkran hafi áhrif á allar lykilfrumurnar sem taka þátt í meingerð sóra og stuðli að bælingu þeirra. Þessari bælingu virðist vera miðlað í gegnum SYK boðleiðina. Auk þess virðist fjölsýkran draga úr umritun á LL37 sem er einn af sjálfsofnæmisvökum í sóra. Þessar niðurstöður benda til að fjölsýkrur í lóninu taki þátt í að miðla

jákvæðum áhrifum böðunar í Bláa lóninu á húð sórasjúklinga. Samhíða rannsóknum sínum hefur Ása Bryndís leiðbeint íslenskum sem erlendum nemum sem koma á rannsóknastofuna í styttri verkefni.

Bára Dís Benediktsdóttir læknir

Skyndidauði hérlendis er nokkuð algengur og er áætlað að árlega látist milli 200 og 300 manns skyndilega. Skyndidauði er algengari hjá eldri einstaklingum og tengist þá gjarnan kransæðastíflu eða afleiðingum hennar. Hjá þeim sem eru yngri (<40 ára) eru aðrar orsakir fyrir skyndidauða. Er þá oft um að ræða arfgenga sjúkdóma sem geta leitt til raskana á raflífeðlisfræði hjartans eða hjartavöðasjúkdóms. Heilkenni lengingar á QT-bili er ein algengasta ástæða raflífeðilsfræðilegra raskana í hjarta hjá ungu fólki. Margar stökkbreytingar sem valda heilkenni lengingar á QT-bili eru þekktar. Oft eru einstaklingar sem bera stökkbreytingarnar einkennalausir þar til alvarlegar hjartsláttartruflanir eða jafnvel hjartastopp gera vart við sig. Í rannsóknum á heilkenni lengingar á QT-bili hefur tíðkast að leita eftir stökkbreytingum hjá einstaklingum sem hafa alvarlega svipgerð, þ.e. hafa fengið alvarlegar hjartsláttartruflanir eða eru með langt QT-bil á hjartalínuriti. Upplýsingar úr lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar sem og úr um 400.000 hjartalínuritum sem eru geymd rafrænt gera það á hinn bóginn mögulegt að finna alla þá einstaklinga sem að bera stökkbreytingar sem tengjast QT-bilinu og athuga hve algengt vandamálið er og hversu alvarlega svipgerð þeir hafa. Í þessari rannsókn voru þeir erfðabreytileikar sem valda lengingu á QT-bili fundnir og metið að ríflega 1 af hverjum 300 Íslendingum eru arfberar. Þetta er mun hærrí tíðni en áður var talið. Ítarleg svipgerðagreining á arfberum ásamt upplýsingum um skyndidauða sýnir að áhætta á alvarlegum einkennum er verulega breytileg eftir stökkbreytingum. Hingað til hafa allir sem greinst hafa með heilkenni lengingar á QT-bili hlotið sömu meðferð. Það er framtíðarsýn okkar að hægt verði að bjóða sérsniðna meðferð eftir því hvaða erfðabreytileiki er undirliggjandi ásamt því að grípa fyrir en ella ef áhætta á alvarlegum atburði telst mikil. Þetta var mikilvægt framlag til þróunar einstaklingsmiðarar læknisfræði en hérlendis erum við að mörgu leyti í kjörstöðu til að láta að okkur kveða á þeim vettvangi. Að rannsókninni standa Bára Dís Benediktsdóttir, sérnámslæknir á lyflækningasviði Landspítala, Davíð O. Arnar, yfirlæknir hjartalækninga á Landspítala, ásamt samstarfsfólki frá Íslenskri erfðagreiningu, Garðari Sveinbjörnssyni, Hilmu Hólm, Daníel Guðbjartssyni og Kára Stefánssyni.

Elva Rut Sigurðardóttir læknanemi

Rannsóknin Fósturköfnun á Íslandi var unnin á Landspítala undir handleiðslu Hildar Harðardóttur, fyrrverandi yfirlæknis á meðgöngu, fæðinga- og fósturgreiningardeildum kvennadeildar Landspítala, og Þórðar Þórkelssonar, yfirlæknis á vökudeild Barnspítala Hringins. Fósturköfnun er afleiðing þess að skerðing verður á flutningi súrefnis frá móður til fósturs um fylgju og getur hún haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir barn, bæði til lengri og skemmri tíma. Rannsóknin fólst í því að kanna nýgengi fósturköfnunar á Íslandi og hvernig það hefur breyst á undanförunum árum. Einnig að kanna áhættuþætti, orsakir og afleiðingar fósturköfnunar sem og hvernig staðið var að endurlífgun nýbura sem urðu fyrir fósturköfnun á rannsóknartímabilinu. Þórður átti hugmyndina að verkefninu og sá m.a. um að koma rannsókninni af stað. Hildur tók að sér það hlutverk að vera ábyrgðarmaður verkefnisins og átti mikinn þátt í rannsóknarvinnunni. Sjálf er ég læknanemi á fjórða ári við Háskóla Íslands. Áður en ég hóf nám mitt í læknisfræði starfaði ég á Landspítala á fósturgreiningardeildinni og áhættumæðraverndinni. Starf mitt á þeim deildum vakti sannarlega áhuga minn á kvenna- og barnasviðinu og því fannst mér tilvalið að þriðja árs verkefnið mitt væri tengt inn á þau svið.

Ólafur Pálsson læknir

Verkefnið okkar snýst um ákveðið vandamál sem er vel þekkt og algengt innan læknisfræði. Ný lyf og meðferðir eru prófaðar í slembiröðuðum rannsóknum á hópi fólks með mjög ströngum skilyrðum, svo sem engir aðrir sjúkdómar (co-morbidity) eða ekki nógu alvarleg sjúkdómseinkenni. Hins vegar er þorri sjúklinga í rauninni með marga aðra sjúkdóma eða aðrar sjúkdómsmyndir sem kemur í veg fyrir inntöku í klínískar meðferðarrannsóknir. Við tökum alla sjúklinga á Íslandi með sóragigt (e. psoriatic arthritis) sem eru að hefja meðferð með líftæknilyfjum (boDMARDs) og þeim hefur áður verið skipt niður eftir því hvort þeir uppfylli inntökuskilyrðin í slembiraðaðar lyfjarannsóknir viðkomandi lyfs. Einungis

Þriðjungur hópsins hefði uppfyllt þau skilyrði. Við könnum síðan svörun þeirra við lyfinu eftir 6 og 18 mánuði og kemur í ljós að meðferðarsvörunin er álíka góð sem og meðferðartíminn (e. drug survival). Hópurinn okkar hefur tvo námslækna í sérnámi í almennum lyflækningum við Landspítala, þrjá lyfjafræðinga og tvo gigtlækna. Sjálfur er ég er á þriðja og síðasta árinu í almennum lyflækningum og verð í hópi þeirra fyrstu sem útskrifast eftir að nýtt sérnámsfyrirkomulag var tekið upp. Ég hygg á sérnám í gigtlækningum í Svíþjóð og vonast til að vera kominn þangað innan eins árs, enda hef ég þá lokið því sem boðið er upp á hér á landi. Ég hef að hluta til tekið þátt í uppbyggingu sérnámsins í starfi umsjónardeildarlæknis undanfarið ár. Ég vinn ásamt Birni Guðbjörnssyni prófessor og fleirum að öðrum verkefnum í ICEBIO og mun kynna þetta verkefni og annað verkefni með honum á tveimur þingum á þessu ári, þingi gigtarsamtaka Evrópu (EULAR) og þingi skandínavískra gigtlækna (SCR).